



BARNAVERNDARSTOFA

Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda og fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu fyrir árin 2009 og 2010

2011

Í þessari samantekt er að finna samanburð á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda skv. sískráningu nefndanna fyrir árin 2009 og 2010. Endanlegar upplýsingar um fjölda tilkynninga koma fram í samtölublöðum barnaverndarnefndanna sem birtast í ársskýrslu Barnaverndarstofu. Einnig er hér að finna upplýsingar um fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu fyrir árin 2009 og 2010.

Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Tilkynningum til barnaverndarnefnda fækkaði um 1% á árinu 2010 samanborið við árið 2009. Fjöldi tilkynninga á árinu 2010 var 9.233, en 9.327 árið á undan. Í samanburði fyrstu 3 mánuði og fyrstu 6 mánuði árinna 2009 og 2010 var fjölgun tilkynninga milli ára um 3%, en um 1% í samanburði á fyrstu 9 mánuðum árinna 2009 og 2010. Tilkynningum á höfuðborgarsvæðinu fækkaði um tæplega 3%, en fjölgaði á landsbyggðinni um tæplega 3% þegar allt árið er skoðað. Þess ber að geta að tilkynning til barnaverndarnefndar verður að barnaverndarmáli ef tekin er ákvörðun um könnun máls í kjölfar tilkynningarinnar.

Flestar tilkynningar voru vegna áhættuhegðunar barna eða 47,3% árið 2010, en 46,3% árið 2009. Alls voru 30,5% tilkynninga árið 2010 vegna vanrækslu, en 34,7% árið 2009. Hlutfall tilkynninga um ofbeldi árið 2010 var 21,6%, en 18,5% árið 2009. Hlutfall tilkynninga árið 2010 vegna þess að heilsu eða lífi ófæddis barns var stefnt í hættu var 0,6%, en 0,4% árið 2009.

Í sískráningu barnaverndarnefnda var á árinu 2009 í fyrsta sinn spurt sérstaklega um áfengis-og fíkniefnaneyslu foreldra og heimilisofbeldi. Á árinu 2010 var hlutfall tilkynninga þar sem tilkynnt var um vanrækslu og fram kom að foreldrar voru í áfengis-og/eða fíkniefnaneyslu 7,3%. Árið 2009 var hlutfallið 8,8%. Í tilkynningum um ofbeldi var hlutfall tilkynninga árið 2010 þar sem um heimilisofbeldi var að ræða 4,0%, en 2,9% á árinu 2009.

Flestar tilkynningar voru frá lögreglu, en hlutfall þeirra fyrir árið 2010 var 49,8%, en 49,6% árið 2009.

Samanlagður fjöldi barna sem tilkynnt var um á árinu 2010 var 7.605 börn, en sambærileg tala fyrir árið 2009 var 7.711 börn. Þess ber að geta að tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt var um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Umsóknir til Barnaverndarstofu

Umsóknum um meðferðarheimili fækkaði á árinu 2010 miðað við árið á undan. Umsóknir voru 141 á árinu 2010 en 166 á árinu 2009. Flestar umsóknir árið 2010 voru frá Reykjavík og nágrenni Reykjavíkur eða 73,1%, en þetta hlutfall var 76,5 árið 2009.

Fleiri umsóknir bárust fyrir drengi en stúlkur bæði tímabilin, en 63,1% umsókna ársins 2010 voru fyrir drengi og 55,4% árið 2009. Meðalaldur barna sem sótt var um meðferð fyrir á árinu 2010 var 15,8 ár.

Alls bárust 77 umsóknir um Fjölkerfameðferð (MST) á árinu 2010, en 56 umsóknir á árinu 2009. Fjölkerfameðferð (MST) snýr að fjölskyldum unglunga með fjölþættan hegðunarvanda sem kominn er á það alvarlegt stig að vistun unglings utan heimilis er talin koma til greina. Markhópurinn eru unglingar á aldrinum 12-18 ára og fer meðferðin fram á heimilum fólks. Nýtt MST meðferðarteymi tók til starfa í mars s.l. og fjölgaði þerapistum þá úr fjórum í sex. Meðalaldur barnanna sem sótt var um fyrir var 14,8 ár árið 2010. Fleiri umsóknir bárust fyrir drengi en stúlkur á árinu 2010 eða 59,7% umsókna.

Umsóknum um fósturheimili fyrir börn fjölgaði úr 110 í 113 á umræddu tímabili. Flestar umsóknir voru um tímabundið fóstur eða 79,6% umsókna árið 2010, en 78,2% umsókna ársins 2009. Árið 2010 var sótt um fóstur fyrir stúlkur í 44,2% tilvika og drengi í 55,8% tilvika.

Í Barnahúsi voru rannsóknarviðtöl á árinu 2010 samtals 223, en 230 árið 2009. Stúlkur voru í meirihluta þeirra barna sem komu í rannsóknarviðtöl, 66,4% árið 2010 og 71,7 % árið 2009.

Á árinu 2010 voru 253 vistanir í neyðarvistun Stuðla, en 263 árið 2009. Vistunardögum fækkaði á árinu 2010 miðað við árið á undan úr 1.550 dögum í 1.531 dag. Fjöldi einstaklinga sem voru vistaðir á árinu 2010 var 102, en 114 einstaklingar árið 2009.

Fjöldi umsóknum þeirra sem óska eftir að gerast fósturforeldrar fækkaði á árinu 2010 miðað við árið 2009. Samtals bárust 57 umsóknir á árinu 2010, en 67 umsóknir á árinu 2009. Flestar umsóknir voru frá Reykjavík og nágrenni.

Í eftirfarandi töflum má sjá sundurliðun á þessum samanburði.

Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Fjöldi tilkynninga

Barnaverndarnefnd	2009		2010	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	4.332	46,4	4.238	45,9
Seltjarnarnes	84	0,9	38	0,4
Kópavogur	766	8,2	837	9,1
Garðabær	158	1,7	129	1,4
Hafnarfjörður	690	7,4	724	7,8
Álftanes	99	1,1	102	1,1
Reykjanesbær	612	6,6	582	6,3
Grindavík	112	1,2	142	1,5
Sandgerði	236	2,5	279	3,0
Mosfellsbær	350	3,8	238	2,6
Akranes	149	1,6	109	1,2
Borgarfjarðar og Dala	58	0,6	33	0,4
Snæfellinga	43	0,5	29	0,3
Norðanverðir Vestfirðir	139	1,5	172	1,9
Vesturbyggð og Tálknafjörður	16	0,2	20	0,2
Húnaþing vestra	31	0,3	35	0,4
A-Hún	34	0,4	80	0,9
Skagafjörður	67	0,7	51	0,6
Útey	87	0,9	104	1,1
Eyjafjörður	413	4,4	390	4,2
Grímsey	0	0,0	0	0,0
Þingeyingar	138	0,5	92	1,0
Fljótshálsa	90	1,0	73	0,8
Fjarðabyggð	66	0,7	95	1,0
Hornafjörður	39	0,4	38	0,4
Árborg	172	1,8	186	2,0
Uppsveitir Árnesháls	41	0,4	26	0,3
Hveragerði	49	0,5	43	0,5
Ölfus	8	0,1	10	0,1
Rang.valla- og V-Skaftafellss.	50	0,5	61	0,7
Vestmannaeyjar	198	2,1	277	3,0
Samtals	9.327	100,0	9.233	100,0

*Barnav. Grímseyjar sameinaðist barnav. Eyjafjarðar 1. júní 2009.

Fjöldi tilkynninga eftir landsvæði

Landsvæði	2009		2010	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Höfuðborgarsvæði*	6.479	69,5	6.306	68,3
Landsbyggð	2.848	30,5	2.927	31,7
Samtals	9.327	100,0	9.233	100,0

* Höfuðborgarsvæðið tilheyrir öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarsýslur.

Fjöldi barna sem tilkynnt var um*

Barnaverndarnefnd	2009		2010	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	3.271	42,4	3.301	43,4
Seltjarnarnes	70	0,9	38	0,5
Kópavogur	656	8,5	693	9,1
Garðabær	147	1,9	123	1,6
Hafnarfjörður	599	7,8	624	8,2
Álftanes	76	1,0	72	0,9
Reykjanesbær	511	6,6	513	6,7
Grindavík	106	1,4	108	1,4
Sandgerði	232	3,0	212	2,8
Mosfellsbær	322	4,2	214	2,8
Akranes	129	1,7	95	1,2
Borgarfjarðar og Dala	57	0,7	32	0,4
Snæfellinga	40	0,5	29	0,4
Norðanverðir Vestfirðir	130	1,7	142	1,9
Vesturbyggð og Tálknafjörður	16	0,2	17	0,2
Húnaþing vestra	31	0,4	30	0,4
A-Hún	33	0,4	53	0,7
Skagafjörður	66	0,9	44	0,6
Útey	77	1,0	104	1,4
Eyjafjörður	337	4,4	350	4,6
Grímsey	0	0,0	0	0,0
Þingeyingar	129	1,7	84	1,1
Fljótsdalshérað	84	1,1	69	0,9
Fjarðabyggð	63	0,8	92	1,2
Hornafjörður	36	0,5	36	0,5
Árborg	170	2,2	178	2,3
Uppsveitir Árnessýslu	37	0,5	22	0,3
Hveragerði	48	0,6	41	0,5
Ölfus	8	0,1	6	0,1
Rang.valla- og V-Skaftafellss.	48	0,6	57	0,7
Vestmannaeyjar	182	2,4	226	3,0
Samtals	7.711	100,0	7.605	100,0

*Tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt er um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur, samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir landsvæði

Landsvæði	2009		2010	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Höfuðborgarsvæði	5.141	66,7	5.065	66,6
Landsbyggð	2.570	33,3	2.540	33,4
Samtals	7.711	100,0	7.605	100,0

* Höfuðborgarsvæðið tilheyrir öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun*

	2009		2010	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun, mál þegar í könnun eða meðferð (opið mál)	(3.598)	46,7	4.937	64,9

*Þess ber að geta að tölurnar milli 2009 og 2010 eru ekki fyllilega samanburðarhæfar vegna breytinga á sískráningu í byrjun árs 2010.

Ástæður tilkynninga*

Ástæður tilkynninga	2009		2010	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Vanræksla	3.236	34,7	2.818	30,5
Líkamleg vanræksla	163	1,7	147	1,6
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit	2.631	28,2	2.387	25,9
*Þar af foreldrar í áfengis-og fíkniefnaneyslu	821	8,8	670	7,3
Vanræksla varðandi nám	113	1,2	98	1,1
Tilfinningaleg vanræksla	385	4,1	250	2,7
Ofbeldi	1.730	18,5	1.995	21,6
Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi	764	8,2	1.068	11,6
*þar af heimilisofbeldi	267	2,9	370	4,0
Líkamlegt ofbeldi	539	5,8	525	5,7
Kynferðislegt ofbeldi	440	4,7	430	4,7
Áhættuhegðun	4.321	46,3	4.366	47,3
Neysla barns á vímuefnum	662	7,1	836	9,1
Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu	1.085	11,6	919	10,0
Afbrot barns	1.970	21,1	1.943	21,0
Barn beitir ofbeldi	403	4,3	511	5,5
Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt	247	2,6	204	2,2
Heilsa eða líf ófæddis barns í hættu	40	0,4	54	0,6
Tilkynningar alls	9.327	100,0	9.233	100,0
Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu	186		173	

* Athugið að aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokkanna fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

*Fyrst var spurt um áfengis-og fíkniefnaneyslu foreldra og heimilisofbeldi í sískráningu 2009

Tilkynnendur

Tilkynnendur	2009		2010	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Barnið sjálft	47	0,5	52	0,6
Ættingjar barns aðrir en foreldrar	481	5,2	413	4,5
Nágrannar	727	7,8	674	7,3
Önnur barnaverndarnefnd	222	2,4	178	1,9
Þjónustumiðst./starfsm.félagsþjónustu	196	2,1	177	1,9
Lögregla	4.625	49,6	4.599	49,8
Skóli, sérfræðipj., fræðslu- eða skólaskr.	904	9,7	902	9,8
Leikskóli/gæsluforeldri	201	2,2	133	1,4
Læknir/heilsugæsla/sjúkrahús	635	6,8	629	6,8
Foreldrar barns	833	8,9	895	9,7
Aðrir	456	4,9	581	6,3
Samtals	9.327	100,0	9.233	100,0

Umsóknir um meðferð

Tegund meðferðar

Tegund meðferðar	2009		2010	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Stuðlar	67	40,4	70	49,6
Götusmiðjan*	60	36,1	29	20,6
Langtímameðferð	39	23,5	42	29,8
Samtals	166	100,0	141	100,0

*Meðferðarheimili Götusmiðjunnar hætti starfssemi í júní 2010.

Umsóknir eftir landsvæði

Landsvæði	2009		2010	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	73	44,0	62	44,0
Nágrenni Reykjavíkur*	54	32,5	41	29,1
Landsbyggð	39	23,5	38	27,0
Samtals	166	100,0	141	100,0

*Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Kyn barna sem sótt er um meðferð fyrir

Kyn	2009		2010	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	92	55,4	90	63,8
Stúlkur	74	44,6	51	36,2
Samtals	166	100,0	141	100,0

Meðalaldur barna sem sótt er um meðferð fyrir

Meðalaldur barna	2009	2010
Meðalaldur barna	15,9	15,8

Umsóknir um Fjölkerfameðferð (MST)

Fjölkerfameðferð (MST) snýr að fjölskyldum unglunga með fjölþættan hegðunarvanda sem kominn er á það alvarlegt stig að vistun unglings utan heimilis er talin koma til greina. Markhópurinn eru unglingar á aldrinum 12-18 ára og fer meðferðin fram á heimilum fólks. Nýtt MST meðferðarteymi tók til starfa í mars s.l. og fjölgaði þerapistum þá úr fjórum í sex.

Umsóknir eftir landsvæði

Landsvæði	2009		2010	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	25	44,6	33	42,9
Nágrenni Reykjavíkur*	31	55,4	44	57,1
Samtals	56	100,0	77	100,0

*Þjónustuvæði MST spannar 60 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík.

Kyn barna sem sótt er um MST fyrir

Kyn	2009		2010	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	36	64,3	46	59,7
Stúlkur	20	35,7	31	40,3
Samtals	56	100,0	77	100,0

Meðalaldur barna sem sótt var um MST fyrir

Meðalaldur barna	2009	2010
Meðalaldur barna	14,9	14,8

Umsóknir um fóstur

Tegund fósturs

Tegund fósturs	2009		2010	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Tímabundið	86	78,2	90	79,6
Varanlegt	6	5,5	7	6,2
Styrkt	18	16,4	16	14,2
Samtals	110	100,0	113	100,0

Umsóknir eftir landsvæði

Landsvæði	2009		2010	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	53	48,2	55	48,7
Nágrenni Reykjavíkur*	28	25,5	26	23,0
Landsbyggð	29	26,4	32	28,3
Samtals	110	100,0	113	100,0

*Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Kyn barna sem sótt er um fóstur fyrir

Kyn	2009		2010	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	62	56,4	63	55,8
Stúlkur	48	43,6	50	44,2
Samtals	110	100,0	113	100,0

Meðalaldur barna sem sótt er um fóstur fyrir

Meðalaldur barna	2009	2010
Tímabundið	12,4	10,3
Varanlegt	13,2	13,5
Styrkt	12,7	13,9
Samtals	12,5	11,0

Þjónusta í Barnahúsi

Þjónusta í Barnahúsi

	2009	2010
	Fjöldi	Fjöldi
Rannsóknarviðtöl	230	223
a. Skýrslutökur	56	55
b. Könnunarviðtöl	174	168
Greiningar-og meðferðarviðtöl	116	108
Læknisskoðanir	32	17

Kyn barna í Barnahúsi*

Kyn	2009		2010	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	65	28,3	75	33,6
Stúlkur	165	71,7	148	66,4
Samtals	230	100,0	223	100,0

*Kyn þeirra barna sem komu í skýrslutöku eða könnunarviðtal, sama barn getur komið bæði í skýrslutöku og könnunarviðtal innan tiltekins tíma.

Neyðarvistun á Stuðlum

Vistanir, vistunardagar og fjöldi einstaklinga*

	2009	2010
	Fjöldi	Fjöldi
Fjöldi vistana	263	253
Vistunardagar	1.550	1.531
Fjöldi einstaklinga	114	102

*Hér er átt við fjölda vistana á árinu, heildarfjölda vistunardaga og fjölda einstaklinga vistaðir á árinu.

Kyn barna í neyðarvistun á Stuðlum

Kyn	2009		2010	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	57	50,0	62	60,8
Stúlkur	57	50,0	40	39,2
Samtals	114	100,0	102	100,0

Umsóknir um leyfi til að gerast fósturforeldrar

Umsókn um leyfi til að gerast fósturforeldrar

Hvaðan koma umsóknir?	2009		2010	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík og nágrenni	36	53,7	29	50,9
Vesturland	7	10,4	4	7,0
Vestfirðir	2	3,0	1	1,8
Norðurland	9	13,4	9	15,8
Austurland	2	3,0	3	5,3
Suðurland	8	11,9	7	12,3
Reykjanes	3	4,5	2	3,5
Fólk búsett erlendis	0	0,0	2	3,5
Samtals	67	100,0	57	100,0